



Samanburður á úrræðum og umsóknum  
um þjónustu til Barna- og fjölskyldustofu á  
árunum 2020 - 2023

**Febrúar 2024**

Við lok árs 2021 var Barnaverndarstofa lögð niður og ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa, tók við. Í þessari samantekt er að finna upplýsingar um úrræði og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2020-2021 og árið 2022-2023, til Barna- og fjölskyldustofu. Þá má finna tölulegar upplýsingar úr Barnahúsi frá sama tímabili, fyrir allt árið 2020-2023.

### **Umsóknum um meðferð fjölgar**

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barna- og fjölskyldustofu fjölgaði töluvert á árinu 2023 miðað við árin á undan. Árið 2023 bárust 211 umsóknir í meðferðarúrræðin, en það eru 32,7% fleiri umsóknir en bárust árið 2022. Munar þar mest um umsóknir í MST en þeim fjölgaði um 38% á milli ára. Alls bárust 32 umsóknir á Stuðla árið 2023, sem er sami fjöldi og árið 2022. Árið 2023 bárust 23 umsóknir um önnur meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu, eða slíkar umsóknir voru á bilinu 13-16 á árunum 2020-2022. Ólíkt fyrri árum bárust flestar umsóknir um meðferð frá Reykjavík, eða 42,2% og fleiri umsóknir um meðferð bárust vegna drengja en stúlkna.

### **Beiðnum um tímabundið og varanlegt fóstur fækkar, en umsóknum um styrkt fóstur fjölgar**

Beiðnir til Barna- og fjölskyldustofu um fósturheimili voru 141 á árinu 2023, tveimur færri en árið á undan. Líkt og fyrri ár voru flestar beiðnir vegna tímabundins fósturs, en voru samt nokkuð færri en árið á undan. Beiðnum um varanlegt fóstur fækkaði einnig töluvert og voru einungis 9 árið 2023, samanborið við 19-41 á árunum 2020-2022. Umsóknum um styrkt fóstur fjölgaði um 39,5% á milli ára, en slíkar umsóknir voru 53 árið 2023. Jafn margar beiðnir bárust vegna drengja og stúlkna.

Í byrjun árs 2022 færðust umsóknir fósturforeldra yfir til Gæða- og eftirlitsstofnunar en Barna- og fjölskyldustofu var falið að veita umsóknum umsagnir áður en leyfi væri veitt. Beiðnir um umsagnir við umsóknum einstaklinga til að gerast fósturforeldrar voru 69 á árinu. Ekki er hægt að segja til um hvort Barna- og fjölskyldustofu hafi borist beiðni um umsagnir allra umsókna, en ljóst er að umsóknum hefur fjölgað, samanborið við 2020-2022.

### **Færri rannsóknarviðtöl í Barnahúsi**

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarþjónustur hins vegar. Rannsóknarviðtölum fækkaði úr 378 á árinu 2022 í 291 árið 2023. Skýrslutökur fyrir dómi voru 157 á árinu 2023, en 218 árið á undan. Yfir helmingur skýrslutaka vörðuðu kynferðislegt ofbeldi. Skýrslutökur er vörðuðu líkamlegt- og heimilisofbeldi árið 2023 voru 68, töluvert færri en á árunum 2020-2022. Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarþjónustur voru 134 á árinu 2023. Eru það færri könnunarviðtöl en síðustu ár. Stúlkur voru í meirihluta þeirra sem komu í rannsóknarviðtöl á árinu 2023, líkt og fyrri ár.

### **Vistunum, vistunardögum og einstaklingum fjölgar á Stuðlum**

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fjölgaði úr 136 árið 2022 í 199 árið 2023. Fjöldi vistunardaga var 1.154 árið 2023 sem er töluverð aukning sé miðað við árin 2020-2022 eða aukning upp á 30,5% til 80,1%. Fjöldi einstaklinga sem voru á lokaðri deild Stuðla fjölgaði og voru 72, drengir voru í meiri hluta líkt og fyrri ár en í raun má rekja aukninguna til þess að stúlkum fjölgaði á lokaðri deild Stuðla, miðað við fyrri ár.


# Umsóknir um meðferð

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um meðferðir hvers árs fyrir sig

Tegund meðferðar	2020		2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	34	20,2	34	21,8	32	20,1	32	15,2
Önnur meðferðarheimili <sup>1</sup>	16	9,5	13	8,3	14	8,8	23	10,9
MST	118	70,2	109	69,9	113	71,1	156	73,9
<b>Alls</b>	<b>168</b>	<b>100,0</b>	<b>156</b>	<b>100,0</b>	<b>159</b>	<b>100,0</b>	<b>211</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Lækjarbakki, Laugaland og Bjarngey. Rekstaraðili Laugalands sagði upp samningi og var heimilinu lokað þann 31. júní 2021.

Fjöldi umsókna eftir úrræðum



Umsóknum í meðferðarúrræði Barna- og fjölskyldustofu fjölgaði töluvert á milli ára eða um 32,7%. Munar þar mestu um umsóknir í MST en umsóknum þangað fjölgaði um 38% á milli ára, úr 113 árið 2022 í 156 árið 2023. Á árinu 2023 bárust 32 umsóknir vegna meðferðardeildar Stuðla, eða jafn margar og árið á undan. Alls bárust 23 umsóknir vegna annarra meðferðarheimila árið 2023 en þeim hefur fjölgað á milli ára.

## Umsóknir um meðferð eftir landsvæði

Landsvæði	2020		2021		2022		2023	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	60	35,7	42	26,9	50	31,4	89	42,2
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	40	23,8	51	32,7	41	25,8	50	23,7
Landsbyggð	68	40,5	63	40,4	68	42,8	72	34,1
<b>Alls</b>	<b>168</b>	<b>100,0</b>	<b>156</b>	<b>100,0</b>	<b>159</b>	<b>100,0</b>	<b>211</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélögin: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

## Umsóknir um meðferð eftir kyni barns

Kyn barna	2020		2021		2022		2023	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	99	58,9	83	53,2	72	45,3	104	49,3
Stúlkur	69	41,1	72	46,2	84	52,8	102	48,3
Stálp <sup>1</sup>	-	-	1	0,6	3	1,9	5	2,4
<b>Alls</b>	<b>168</b>	<b>100,0</b>	<b>156</b>	<b>100,0</b>	<b>159</b>	<b>100,0</b>	<b>211</b>	<b>100,0</b>


<sup>1</sup>Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

Á árinu 2023 bárust flestar umsóknir frá Reykjavík, eða 42,2% allra umsókna. Hlutfall umsókna hjá drengjum og stúlkum var nokkuð jafnt árið 2023, þar sem 104 umsóknir bárust vegna drengja en 102 vegna stúlkna.

## Beiðnir um fósturheimili

Hér á eftir má finna fjölda beiðna um fósturheimili eftir tegund fósturs hvers árs fyrir sig

Tegund fósturs	2020		2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Tímabundið	95	57,6	67	49,6	86	60,1	79	56,0
Varanlegt	41	24,8	30	22,2	19	13,3	9	6,4
Styrkt	29	17,6	38	28,2	38	26,6	53	37,6
<b>Alls</b>	<b>165</b>	<b>100,0</b>	<b>135</b>	<b>100,0</b>	<b>143</b>	<b>100,0</b>	<b>141</b>	<b>100,0</b>



Beiðnir um fósturheimili voru tveimur færri á árinu 2023 en þær voru árið 2022. Flestar beiðnir voru vegna tímabundins fósturs, 79 í heildina. Á árinu 2022 bárust 86 umsóknir vegna tímabundins fósturs, 67 árið 2021 og 95 árið 2020. Það er því ljóst að nokkuð er um sveiflur á milli ára.

Á árinu 2023 bárust 9 umsóknir vegna varanlegs fósturs sem er töluvert færri en árin á undan. Í raun bárust helmingi færri umsóknir en á árinu árinu 2022.

Umsóknum um styrkt fóstur fer fjölgandi en árið 2023 bárust 53 umsóknir, sem 39% fleiri en árið á undan.

## Beiðnir um fósturheimili eftir landsvæði

Landsvæði	2020		2021		2022		2023	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	63	38,2	38	28,2	51	35,65	38	26,9
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	45	27,3	40	29,6	41	28,7	21	14,9
Landsbyggð	57	34,5	57	42,2	51	35,65	82	58,2
<b>Alls</b>	<b>165</b>	<b>100,0</b>	<b>135</b>	<b>100,0</b>	<b>143</b>	<b>100,0</b>	<b>141</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélögin: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

## Beiðnir um fósturheimili eftir kyni barns

Kyn barna	2020		2022		2022		2023	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	78	47,3	71	52,6	73	51,0	70	49,6
Stúlkur	86	52,1	64	47,4	70	49,0	70	49,6
Stálp/ekki vitað <sup>1,2</sup>	1	0,6	0	0,0	0	0,0	1	0,8
<b>Alls</b>	<b>165</b>	<b>100,0</b>	<b>135</b>	<b>100,0</b>	<b>143</b>	<b>100,0</b>	<b>141</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Umsókn getur borist vegna ófæddis barns hvers kyn er ekki vitað.

<sup>2</sup>Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

Flestar beiðnir um fósturheimili bárust vegna barna á landsbyggð, eða 58,2% allra beiðna. Beiðnir um fósturheimili voru jafn margar fyrir drengi og stúlkur.


# Þjónusta í Barnahúsi

Hér á eftir má finna tölur um þjónustu sem Barnahús veitti á árunum 2020 til 2023

## Þjónusta í Barnahúsi

	2020	2021	2022	2023
<b>Rannsóknarviðtöl</b>	334	423	378	291
a. Skýrslutökur <sup>1</sup>	220	278	218	157
<i>Vegna kynferðislegs ofbeldis</i>	115	167	120	89
<i>Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldis</i>	105	111	98	68
b. Könnunarviðtöl	114	145	160	134
<i>Þar af fylgdarlaus börn</i>	5	2	28	14
<i>Þar af hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila</i>	0	0	1	1
<b>Greiningar- og meðferðarviðtöl</b>	133	139	156	131
<b>Læknisskoðanir</b>	0	7	6	4

<sup>1</sup>Til viðbótar nýti lögreglan aðstöðu Barnahúss í tveimur tilvikum á árinu 2019, í sex tilvikum á árinu 2020, í ellefu tilvikum á árinu 2021 og einu tilviki árið 2022.



Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarþjónustur hins vegar. Rannsóknarviðtölum fækkaði á milli ára, 291 á árinu 2023, 378 á árinu 2022 og 423 á árinu 2021.

Skýrslutökur árið 2023 voru alls 157, sem eru heldur færri skýrslutökur en árin á undan.

Yfir helmingur skýrslutaka vörðuðu kynferðislegt ofbeldi, eða 56,7% allra skýrslutaka.

Skýrslutökur á árinu 2023 er vörðuðu líkamlegt- og heimilisofbeldi voru 68, töluvert færri en á árunum 2020-2022. Hér ber að nefna að bæði skýrslutökum fjölgaði töluvert á milli árunna 2019 og 2020. Þær tölur sem má sjá fyrir 2023 eru líkara því sem var árið 2019.

Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarþjónustur voru 134 árið 2023. Það eru færri könnunarviðtöl en árið 2021 og 2022 en fleiri en árið 2020.

## Beiðni um þjónustu í Barnahúsi eftir kyni barns

Kyn barna <sup>1</sup>	2020		2021		2022		2023	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	124	37,1	130	30,7	132	34,9	70	24,1
Stúlkur	210	62,9	292	69,0	245	64,8	221	75,9
Stálp <sup>2</sup>	-	-	1	0,2	1	0,3	0	0,0
<b>Alls</b>	<b>334</b>	<b>100,0</b>	<b>423</b>	<b>100,0</b>	<b>378</b>	<b>100,0</b>	<b>291</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup>Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

<sup>2</sup>Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvhyggju, skv. lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019.

Fleiri stúlkur en drengir sóttu þjónustu á árinu 2023 og er það í takt við kynjaskiptingu síðustu ára. Raunar má sjá að sú fækkun sem má sjá á milli ára má að hluta til rekja til þess að færri drengir eru að sækja þjónustu Barnahúss árið 2023 en árin á undan. Stúlkum fækkar einnig, en ekki í sama mæli og drengjum.



## Lokuð deild á Stuðlum

Hér á eftir má finna fjölda upplýsingar um fjölda barna, vistana og vistunardaga á lokaðri deild Stuðla á árunum 2020 til 2023.

Lokuð deild á Stuðlum	2020	2021	2022	2023
Fjöldi vistana	152	167	136	199
Vistunardagar: 25. eða 31. gr. bvl.	754	884	638	1154
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	72	35	15	147
Fjöldi einstaklinga	69	67	58	72

Kyn barna sem voru á lokaðri deild Stuðla

Kyn barna	2020		2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	50	72,5	48	71,6	42	72,4	43	59,7
Stúlkur	19	27,5	19	28,4	16	27,6	29	40,3
<b>Alls</b>	<b>69</b>	<b>100,0</b>	<b>67</b>	<b>100,0</b>	<b>58</b>	<b>100,0</b>	<b>72</b>	<b>100,0</b>

Fjöldi vistana á lokaðri deild Stuðla voru 199 á árinu 2021, en það eru töluvert fleiri vistanir en á árunum 2020-2022. Vistunardagar voru alls 1301 á árinu 2023. Fjöldi barna á lokaðri deild Stuðla á árinu 2023 voru 72 börn, og þar af voru drengir í meirihluta en kynjahlutfallið var þó jafnara en fyrri ár.

## Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar/beiðni um umsagnir við umsóknum

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar á árunum 2020 til 2023. Þann 1. janúar 2022 var Barnaverndarstofa lögð niður og Barna- og fjölskyldustofa tók til starfa. Í kjölfarið færðust umsóknir fósturforeldra yfir til Gæða- og eftirlitsstofnunar en Barna- og fjölskyldustofu var falið að veita umsóknum umsagnir áður en leyfi væri veitt. Hér fyrir neðan má sjá fjölda umsagna sem Barna- og fjölskyldustofa var beðið um að veita. Tölur fyrir árið 2022 og 2023 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri ár en má þó ætla að Barna- og fjölskyldustofa sé beðin um að veita umsögn í langflestum umsóknum.

### Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknirnar	2020		2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík og nágrenni <sup>1</sup>	22	37,3	24	52,2	32	61,5	38	55,1
Vesturland	3	5,1	2	4,3	3	5,8	3	4,3
Vestfirðir	2	3,4	4	8,7	1	1,9	0	0,0
Norðurland	10	16,9	5	10,9	5	9,6	10	14,5
Austurland	3	5,1	1	2,2	0	0,0	2	2,9
Suðurland	11	18,6	7	15,2	5	9,6	8	11,6
Reykjanes	7	11,9	3	6,5	6	11,5	7	11,1
Fólk búsett erlendis	1	1,7	0	0,0	0	0,0	1	1,4
<b>Samtals</b>	<b>59</b>	<b>100,0</b>	<b>46</b>	<b>100,0</b>	<b>52</b>	<b>100,0</b>	<b>69</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélögin: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

Beiðnir um umsagnir frá Gæða- og eftirlitsstofnun, vegna umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 69 á árinu 2023. Þó svo að hér sé ekki um fyllilega sambærilegar tölur að ræða er ljóst að fjöldi beiðna um umsagnir er þó nokkuð umfram fjölda umsókna á fyrri árum.